

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

IS GRÆN SKULDABRÉF HS.

SÉRHÆFÐUR SJÓÐUR
FYRIR ALMENNA FJÁRFESTA

Útboðslýsing

EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta	3
Upplýsingar um IS Græn Skuldabréf	4
Heiti, stofndagur, varnarþing o.fl.	4
Reglulegar skýrslur og reglur	4
Skattareglur	4
Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings	4
Helstu einkenni hlutdeildarskírteina	4
Innlausnarréttur og lausafjárstýring	5
Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina	5
Reglur um verðmat eigna	5
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini	5
Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina	6
Umsjónarlaun til rekstraraðila, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður	6
Íslandssjóðir hf.	6
Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt	7
Útvistuð verkefni	7
Forsvarsmenn Íslandssjóða	8
Endurskoðendur Íslandssjóða og sjóðsins	8
Vörsluaðili	8
SFDR flokkun og samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvörðunartökuferli	9
Áhætta	10
Almenn áhætta tengd sjóðnum	10
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum	10
Fyrri árangur sjóðsins og aðrar upplýsingar	12
Fyrri árangur sjóðsins	12
Fyrir hvern er sjóðurinn?	12
Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla	12
Reglur fyrir IS Græn skuldabréf	13
I. kafli: Heiti, tegund, rekstrarform og deildaskipting	13
II. kafli: Rekstraraðili	13
III. kafli: Markmið, fjárfestingartefna og fjárfestingaraðferð	13
IV. kafli: Vörsluaðili	14
V. kafli: Þóknun rekstraraðila	14
VI. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn	15
VII. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum	15
Viðauki 1	17

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum **IS Grænna skuldabréfa hs.** (hér eftir „IS Græn skuldabréf“ eða „sjóðurinn“) er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsins með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæðna, ytri aðstæðna og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna í útboðslýsingunni.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins sem fjárfestingarkosti.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini sjóðsins.

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og er útboðslýsing þessi unnin í samræmi við lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sbr. einnig lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf. Einnig er tekið tillit til laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Útboðslýsingin er uppfærð a.m.k. einu sinni á ári.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða, kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsir því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Kópavogur, 23. apríl 2025.

Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

UPPLÝSINGAR UM IS GRÆN SKULDABRÉF

Heiti, stofndagur, varnarþing o.fl.

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og heitir IS Græn skuldabréf hs., kt. 541009-9810. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs og var stofnaður í október 2009. Sjóðurinn hefur staðfestu á Íslandi. Um sjóðinn gilda íslensk lög og er varnarþing sjóðsins í Reykjavík. Um viðurkenningu og fullnustu dóma milli ríkja gilda lög nr. 7/2011 um Lúganósamninginn um dómsvald og um viðurkenningu og fullnustu dóma í einkamálum.

Reglulegar skýrslur og reglur

Útboðslýsingin, lykilupplýsingaskjal, upplýsingablað, ársreikningar og árshlutareikningar liggja frammi á skrifstofu Íslandsbanka hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur sjóðsins er að finna með útboðslýsingu þessarar. Framangreind skjöl má einnig nálgast á heimasíðu Íslandssjóða: www.islandssjodir.is.

Fjárfestum í sjóðnum verður reglulega veittar upplýsingar um áhættusnið og aðrar upplýsingar skv. 3. tl. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 45/2020 sem hluti af ársreikningi eða í reglubundnum upplýsingablaðum sjóðsins til fjárfesta. Upplýsingar þessar eru veittar að lágmarki árlega.

Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Frekari skattlagning getur þó komið til. Íslandsbanki hf., vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og geti tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðinn birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða. Reikningsár er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok mars hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst ár hvert.

Helstu einkenni hlutdeildarskírteina

Hlutdeildarskírteinishafar eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 2. mgr. 79. gr. laga nr. 45/2020. Íslandssjóðir gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í sjóðnum þar sem fram kemur kaupverð í íslenskum krónum, fjöldi hluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum. Einingum í sjóðnum fylgir ekki atkvæðisréttur. Hlutdeildarskírteinishafar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins. Verðgildi einnar einingar í sjóðnum var 1.000 við stofnun. Verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun. Um við hverjar aðstæður megi ákveða að slíta sjóðnum og hvernig að því skuli staðið vísast til 11. gr. í reglum sjóðsins.

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Í bókhaldi og ársreikningum rekstraraðilans er eignum og skuldbindingum sjóðsins haldið aðskildum frá öðrum eignum félagsins og sjóðum á vegum þess.

Innlausnarréttur og lausafjárstýring

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu kaupgengi í sjóðnum. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðs er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur yfir en nauðsyn krefur og skal tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um leið og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við þá tilkynningu. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega.

Lausafjárstýring sjóðsins er undir eftirliti áhættustýringar Íslandssjóða. Sjóðstjórum ber að tryggja að það sé nægt laust fé og auðseljanlegar eignir á hverjum tíma til að geta staðið við innlausnir. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða öðrum auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er reiknað daglega á virkum dögum. Innlausnarvirði birtist á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is, og einnig á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is.

Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði hans að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstraraðila undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Íslandssjóðir skulu halda skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum. Starfrækt er verðmatsnefnd innan Íslandssjóða.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka sem er staðsettur í Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða í útibúum Íslandsbanka á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka á www.islandsbanki.is eða í smáforriti Íslandsbanka (e. app). Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta, kl. 15:00, eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum. Íslandssjóðum er þó heimilt að afgreiða pantanir fyrr ef um mistök eða villu í kerfum er að ræða, að því skilyrði uppfylltu að afgreiðslan skaði ekki hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa sjóðsins.

Við kaup á hlutum í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en deginum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum.

Sjóðurinn býður ekki upp á útgáfu hlutdeildarskírteina í formi rafbréfa og hlutdeildarskírteini eru ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

Þóknanir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald sem rennur að fullu til söluaðila sjóðsins. Hámarkshlutfall upphafsgjalds sjóðsins er 1,0%. Upphafsgjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 1,0% við útgáfu þessarar lýsingar.

Söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hámark afgreiðslugjalds sem söluaðila er heimilt að innheimta er 1.500 kr. og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins. Afgreiðslugjald skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka er 1.000 kr. við útgáfu þessarar lýsingar.

Umsjónarlaun til rekstraraðila, þóknun vörsluaðila og annar kostnaður

Fyrir rekstur sjóðsins greiðir sjóðurinn Íslandssjóðum umsjónarlaun sem eru ákveðinn hundraðshluti af eignum sjóðsins. Í rekstri sjóðsins felast m.a. eignastýring sjóðsins, áhættustýring, umsýsla, þ.e. bókhald og lögræðiþjónusta, mat á verðmæti eigna, innra eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun eru 1% og eru innheimt mánaðarlega.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. lífeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í umsjónarlaunum og sama á við um eftirlitsgjald vegna Fjármálaeftirlits. Íslandssjóðir geta krafð sjóð um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, aðkeyprtar lögræðiþjónustu, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl. en að hámarki 0,2% árlega. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins. Nýjustu upplýsingar um viðvarandi gjöld er að finna í lykilupplýsingaskjali sjóðsins.

Íslandssjóðir hafa, í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 45/2020, samið við Íslandsbanka um sölu hlutdeildarskírteina og þjónustu við viðskiptavini. Einnig hafa Íslandssjóðir, í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 45/2020, samið við Íslandsbanka um að vera vörsluaðili sjóðsins. Hlutverk vörsluaðila er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóða. Fyrir þjónustu Íslandsbanka greiða Íslandssjóðir þóknun.

Fyrir vörslu eigna sjóðsins skal sjóðurinn jafnframt greiða vörslugjöld til vörsluaðila skv. vaxta- og verðskrá Íslandsbanka en að hámarki 0,1%. Sjóðurinn hefur samið um 25% afslátt af innlendri verðbréfaeign og er þóknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörslugjöld eru reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki eru tekin vörslugjöld af innlánum eða lausu fé sjóðsdeilda.

Annar kostnaður sem getur komið til er viðskiptakostnaður, miðlunarþóknanir og vextir. Sjóðurinn greiðir slíkan kostnað þegar hann fellur til. Kostnaðurinn er reiknaður inn í gengi sjóðsins og skal að hámarki vera 0,5% á ári.

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

Íslandssjóðir, kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, eru með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir voru upprunalega stofnaðir árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka. Félagið sér um daglegan rekstur verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta Íslandssjóða, sbr. 35. gr. laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og 70. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nánar tiltekið verðbréfasjóðanna IS Veltusafn, IS Ríkisskuldabréf stutt, IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Ríkisskuldabréf löng, IS Úrvalsvísitölusjóður, IS Heimssafn, IS Eignasafn og IS Eignasafn – Ríki og sjóðir og sérhæfðu sjóðanna fyrir almenna fjárfesta IS Lausafjár safn, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggð, IS Sértryggð skuldabréf, IS Sértryggð skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Vaxtastefna, IS Hlutabréfasjóður, IS EQUUS Hlutabréf og IS Einkasöfn. Einnig reka Íslandssjóðir sérhæfða sjóði sem eingöngu má markaðssetja til fagfjárfesta.

Hlutfé félagsins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Um eiginfjárgrunn Íslandssjóða gilda ákvæði 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 15. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess er félagið með til staðar tilskilið eiginfjárgrunnsálagn sem nær yfir áhættuna af tjóni vegna mögulegrar ábyrgðar. Endurskoðendur og Fjármálaeftirlitið hefur reglubundið eftirlit með að eiginfjárgrunnur uppfylli skilyrði laga. Eiginfjárlutfall félagsins er birt í árs- og hálfársreikningi hverju sinni.

Starfskjarastefna Íslandssjóða - samantekt

Íslandssjóðir hafa sett sér starfskjarastefnu sem miðar að því að tryggja að starfskjör starfsmanna samræmist og stuðli að traustri og skilvirkri áhættustýringu og hvetji ekki til áhættusækni sem er í ósamræmi við áhættusnið eða reglur þeirra sjóða sem Íslandssjóðir reka eða dragi úr möguleikum félagsins til að starfa með hagsmuni sjóða sem það rekur að leiðarljósi sem og hagsmuni eignasafna í stýringu félagsins. Áhætta tengd sjálfbærni er ekki undanskilin í því sambandi. Jafnframt að starfskjör starfsmanna samræmist viðskiptaáætlun, markmiðum, gildum og hagsmunum Íslandssjóða og sjóða sem félagið rekur og fjárfesta í þeim sjóðum og leiði ekki til hagsmunaárekstra. Íslandssjóðir leggja áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal fyrst og fremst horft til viðeigandi starfsreynslu, ábyrgðar samkvæmt starfslýsingu og árangurs. Gætt skal að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum. Samkvæmt stefnunni skal stjórnarmönnum greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar félagsins. Starfskjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi og ekki skal gera samning við framkvæmdastjóra sem felur í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamnings, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur framkvæmdastjóra skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir. Íslandssjóðir skulu ekki gera samninga um kaupauka, þ.e. starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Ef stjórn félagsins hyggst taka upp kaupaukakerfi þarf áður að fá samþykki hluthafafundar. Ekki er til staðar kaupaukakerfi hjá Íslandssjóðum. Greint skal frá kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársreikningi sjóða. Hjá Íslandssjóðum starfar starfskjaranefnd sem er skipuð a.m.k. tveimur mönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er m.a. að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra um starfskjör félagsins. Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu Íslandssjóða og samsetningu starfskjaranefndar eru aðgengilegar á vef félagsins: www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/stjorn-og-undirnefndir. Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 29. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 hafa Íslandssjóðir gert útvistunarsamninga við Íslandsbanka um að sjá um afmörkuð verkefni fyrir félagið, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., d., e., g., h., og i. liða 1. tölul. og 2. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna. Íslandsbanki sér m.a. um markaðssetningu, útgáfu

og innlaun hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavini. Fjármálasvið Íslandsbanka mun sjá um útreikning á innlausnarvirði, uppgjör viðskipta og viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina.

Einnig sér Íslandsbanki um innheimtu umsjónarlauna og vörsluþóknunar fyrir sjóðinn. Svið Regluvörslu og Innri endurskoðunar Íslandsbanka sinnir jafnframt ákveðnum eftirlitsþáttum fyrir félagið á grundvelli útivistunarsamninga.

Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfsemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Bankinn er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Íslandssjóðir eru í eigu Íslandsbanka. Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. Íslandssjóðum er skylt að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útivistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útivistunarsamninga.

Útivistun Íslandssjóða á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Íslandssjóða gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans.

Forsvarsmenn Íslandssjóða

Stjórnarmenn:	Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA. Kristján Björgvinsson, kt. 090664-3019, viðskiptafræðingur, M.Sc. í fjármálum. Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Ph.D. í hagfræði. Sylvía Kristín Ólafsdóttir, kt. 151280-4129, BS í iðnaðarverkfræði, M.Sc. í aðgerðar-rannssóknum.
Varamenn:	Steinunn Bjarnadóttir, kt. 0508562169, rekstrarfræðingur. Hólmfríður Einarsdóttir, kt. 030972-2959, B.Sc. Business and International Marketing.
Framkvæmdastjóri:	Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum.

Endurskoðendur Íslandssjóða og sjóðsins

Endurskoðendur félagsins og sjóðsins eru KPMG ehf., kt. 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík. Skyldur endurskoðenda eru m.a. óháð endurskoðun árs- og árshlutareikninga og framkvæmd könnunaraðgerða í tengslum við reikningana.

VÖRSLUAÐILI

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 45/2020 skal rekstraraðili tryggja að fyrir sérhvern sérhæfðan sjóð sem hann rekur sé skipaður einn vörsluaðili. Samkvæmt 33. gr. laganna er meðal annars lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum heimilt að vera vörsluaðili. Vörsluaðili sjóðsins er Íslandsbanki, kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Íslandsbanki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfsemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, eignafjármögnun, fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi og eignastýring. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða.

Skyldur vörsluaðila felast m.a. í því að vakta sjóðstreymi sjóðs, tryggja að allir fjármunir séu lagðir inn á reikninga sjóðsins, varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum. Jafnframt ber vörsluaðila að tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum sjóðs, tryggja að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé framkvæmdur að lögum og reglum sjóðs, framfylgja fyrirmælum rekstraraðila nema þau séu í andstöðu við lög og reglur sjóðs, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart sjóðnum og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans glatast. Vörsluaðili ber jafnframt ábyrgð á öðru tjóni sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur sjóðnum eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna. Beri vörsluaðili bótaábyrgð gagnvart fjárfesti í sjóðnum getur bótakröfu fjárfestis verið beint að vörsluaðila af hálfu sjóðsins eða rekstraraðila fyrir hans hönd.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, sjóðsins, eigenda hlutdeildarskírteina eða Íslandssjóða nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá.

SFDR FLOKKUN OG SAMÞÆTTING SJÁLFBÆRNIÁHÆTTU Í FJÁRFESTINGARÁKVÖRÐUNARTÖKUFERLI

Sjóðurinn er flokkaður sem 8. gr. sjóður samkvæmt reglugerð ESB nr. 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (hér eftir „SFDR“), sbr. lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar. Í því felst að sjóðurinn fjárfestir í þeim tilgangi að efla, meðal annars, umhverfislega eða félagslega þætti, eða samsetningu þessara þátta, að því tilskildu að útgefendur fjármálagerninga sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum. Fjárfestingar sjóðsins skulu að lágmarki vera 80% í eignum sem efla framangreinda þætti. Sjá nánari upplýsingar í viðauka 1 sem er hluti af útboðslýsingu þessari.

Fjárfestingar sjóðsins taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Sjóðurinn tekur tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti.

Sjálfbærniáhætta er samþættuð í fjárfestingarákvörðunarferli sjóðsins samhliða hefðbundinni fjárfestingaráhættu (s.s. markaðsáhættu, seljanleikaáhættu, vaxtaáhættu eða lausafjáraáhættu) og er hluti af heildstæðu áhættumati vegna fjárfestinga. Sjálfbærniáhætta getur haft veruleg áhrif á hefðbundna fjárfestingaráhættu og þar með verið mikilvægur þáttur af fjárfestingaráhættunni. Vægi sjálfbærniáhættu, eitt og sér, getur þó verið slíkt að það myndi ekki koma í veg fyrir tiltekna fjárfestingu en getur skipt máli við ákvörðun á heildaráhættumati og þýðingu þess. Sjóðurinn fylgir auk þess stefnu Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar og tekið er tillit til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna þegar tekin er ákvörðun um fjárfestingar. Stefna Íslandssjóða um hvernig sjálfbærniáhætta fellur inn í fjárfestingarákvörðunarferli og stefna Íslandssjóða um ábyrgar fjárfestingar eru aðgengilegar á heimasíðu Íslandssjóða á eftirfarandi slóð: <https://www.islandssjodir.is/um-islandssjodi/abyrgar-fjarfestingar/>

ÁHÆTTA

Almenn áhætta tengd sjóðnum

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í sjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta, þannig getur eignarhlutdeild rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra fjármálagerna sem sjóðurinn fjárfestir í. Áhættustig sjóðsins er birt í lykilupplýsingaskjali sjóðsins.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins sem bundnar eru í skuldabréfum og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins sem bundnar eru í skuldabréfum, þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja fjármálagerning þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn fjármálagerna á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Þar sem samsetning eigna er að stærstum hluta í skuldabréfum hefur það í sér fóligna vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa. Hækki vextir á markaði, lækkar að jafnaði verð skuldabréfa á markaði.
- d) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- e) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluáðila.
- f) **Áhætta tengd smæð markaðar** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu árum hafa átt sér stað talsverðar breytingar í kjölfar hruns íslensku viðskiptabankanna. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir.
- g) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta.
- h) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkanði verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.

- i) **Mótaðila- og greiðsluáhætta** – Hættan á tapi sjóðsins sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.
- j) **Áhætta tengd notkun afleiðna** - Sjóðnum er heimilt að nota afleiður í þeim tilgangi að ná fram skilvirki stýringu eigna sjóðsins og lágmarka áhættu hans. Notkun afleiðna þarf ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðnum er heimilt að nota eru framvirkir samningar, þar sem fjármálagerningar eru keypir eða seldir framvirkir. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi eign á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér að framan. Við útreikning á heildaráhættu (e. exposure) vegna afleiðna er notað bæði verg aðferð ásamt staðfestu aðferð þar sem afleiðugerningum er umbreytt í jafngilda stöðu í undirliggjandi eignum þeirra.
- k) **Áhætta tengd sjálfbærni** - Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá (UFS) sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanlega veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar. Þó að sjálfbærniáhætta sé kortlögð, afmörkuð og vöktuð í fjárfestingarferlinu geta fjölmargir þættir haft áhrif á bæði líkur og áhrif sjálfbærniáhættu á ávöxtun sjóðs eða eignasafns, til dæmis getur:
- Sjálfbærniáhætta oft verið flókin, þverfagleg og samtengd og því getur verið erfitt að meta áhættuna í heild sinni.
 - Verið erfitt að mæla sjálfbærniáhættu og er áhættan í eðli sínu til langtíma, og líkurnar á að hún raungerist er háð m.a. fjárfestingartíma.
 - Sjálfbærniáhætta, svo sem áhætta vegna loftlagsbreytinga, pólitískra aðgerða, samfélagslegra væntinga, eftirspurnar neytenda eða tækniþróunar, verið knúin áfram af þróun á heimsvísu og er því bæði stór að umfangi og stærðargráðu eða getur gerst á ófyrirséðum hraða, sem endurspeglast kannski ekki að fullu þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar.
 - Skortur á UFS stöðluðum gögnum leitt af sér erfiðleika við að kortleggja alla sjálfbærniáhættu eða að fjárfestingarákvarðanir geti byggst á röngum forsendum vegna gagnaskorts.
 - Áhættumat á sjálfbærni verið ónákvæmt, sem getur valdið því að sjóður kaupir fjárfestingar sem eru útsettar fyrir meiri sjálfbærniáhættu en búist var við, eða missir af fjárfestingartækifærum eða kaupir/selur fjárfestingar á óákjósanlegum tíma.
 - Útilokun tiltekinna geira eða fjármálagerninga dregið úr sjálfbærniáhættu sjóðsins, en aftur á móti geta slíkar útilokanir aukið samþjöppunarhættu í sjóðnum sem getur leitt til meiri sveiflna og aukinni hættu á tapi.

FYRRI ÁRANGUR SJÓÐSINS OG AÐRAR UPPLÝSINGAR


Fyrri árangur sjóðsins

Fyrri árangur er ekki áreiðanleg vísibending um árangur í framtíðinni. Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

Súluritið að neðan sýnir árangur sjóðsins (hagnað/tap) í prósentum á ári síðustu 10 ár. Það getur hjálpað þér að meta hvernig sjóðnum hefur áður verið stjórnað.

Árangur er sýndur eftir að viðvarandi gjöld hafa verið dregin frá. Sérhver inn- og útgöngugjöld eru undanskilin frá útreikningnum.

Sjóðurinn var stofnaður í október 2009.



Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur. Sjóðurinn kann einnig að henta fjárfestum sem vilja fjárfesta í sjóði sem eflir umhverfislega og/eða félagslega þætti. Upplýsingar um áhættustig er birt í lykilupplýsingaskjali sjóðsins. Upplýsingar um eignasamsetningu sjóðsins hverju sinni er að finna í upplýsingablaði sjóðsins.

Stefna um framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Íslandssjóðir hafa sett sér stefnu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sjóða í rekstri félagsins. Í stefnunni er að finna lista yfir aðila sem koma má pöntunum til. Stefnan er aðgengileg fjárfestum á vefsíðu félagsins, www.islandssjodir.is. Sjóðir í rekstri Íslandssjóða nýta sér ekki þjónustu miðlara í skilningi 22. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/2020.

REGLUR FYRIR IS GRÆN SKULDABRÉF

I. kafli: Heiti, tegund, rekstrarform og deildaskipting

1. grein

Sjóðurinn heitir **IS Græn skuldabréf hs.**, kt. 541009-9810, og starfar í einni sjóðsdeild. Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta og starfar skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sækir fjárfestingarheimildir í X. kafla fyrrnefndra laga. Sjóðurinn er rekinn í formi hlutdeildarsjóðs.

II. kafli: Rekstraraðili

2. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstraraðili sjóðsins skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Ekki verður skipt um rekstraraðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýr rekstraraðili sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkur í skilningi laga nr. 45/2020. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstraraðila sjóðsins í samræmi við 12. gr. reglna þessara.

III. kafli: Markmið, fjárfestingartefna og fjárfestingaraðferð

3. grein

Markmið sjóðsins er langtímaávöxtun með því að fjárfesta í skuldabréfum á Íslandi sem hafa verið gefin út með það að markmiði að stuðla að sjálfbærni og/eða jákvæðri þróun í umhverfis- og félagslegum þáttum og sem tekin hafa verið til viðskipta (skráð) á skipulögðum markaði (kauphöll) á Íslandi (Nasdaq Iceland og Nasdaq First North). Áhersla er lögð á skuldabréf sem eru flokkuð hjá Nasdaq sem sjálfbær, græn eða félagsleg skuldabréf (e. *Sustainability, Green or Social Bond*) eða flokkuð sem sjálfbærnitengd skuldabréf (e. *Sustainability Linked Bond*). Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í skuldabréfum og víxlum sem gefin eru út af eða með ábyrgð íslenska ríkisins sem uppfylla ekki framangreind markmið eða flokkanir. Það er mat sjóðsstjóra hverju sinni hvort hagkvæmt er að fjárfesta í skuldabréfum með langan eða stuttan líftíma. Jafnframt metur sjóðsstjóri hverju sinni hvort sé hagkvæmara að fjárfesta í verðtryggðum eða óverðtryggðum bréfum. Sjóðurinn hefur jafnframt heimild til að fjárfesta í innlánnum innlendra fjármálafyrirtækja. Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Fjárfestingarstefna og aðferð: Fjárfestingar sjóðsins eru takmarkaðar við eftirfarandi heimildir samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og sundurliðun fjárfestinga samkvæmt neðangreindri töflu.

1. Framseljanleg skuldabréf og víxlar (peningamarkaðsgerningar), sbr. 1. tl. 1. mgr. 89. gr. laganna.
2. Innlán hjá innlendum fjármálafyrirtækjum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 89. gr. laganna.
3. Um hámark á framangreindar tegundir fjárfestinga sjóðsins til að lágmarka mótaðilahættu í varfærnissskyni gilda ákvæði 93. gr. og 94. gr. laganna.

Sjóðnum er heimilt, sbr. 90. gr. laganna, að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt, sbr. 2. mgr. 95. gr. laganna, að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán

mega ekki nema meira en 25% af verðmæti eigna sjóðsins. Sjóðnum er óheimilt að taka önnur lán til að fjárfesta í fjármálagerningum og óheimilt að skortselja fjármálagerninga.

Traust verðbréf. Á grundvelli 6. mgr. 93. gr. laganna hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem Íslensk sveitarfélög og íslenska ríkið gefur út eða ábyrgist, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina. Fjárfestingar sjóðsins samkvæmt þessari heimild skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi útgáfur og má fjárfesting í einni og sömu útgáfunni ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum sjóðsins.

Afleiður. Sjóðnum er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum, í formi afleiðna, í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Slíkar fjárfestingaraðferðir skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið sjóðsins, sbr. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 45/2020. Ákvæði laganna sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðirnar verða einungis nýttar til að ná fram skilvirkri stýringu, s.s. að fastsetja hagnað eða lágmarka áhættu sjóðsins og því þykir ekki ástæða til þess að sundurliða sérstaklega heimildir vegna þeirra. Heildaráhætta (e. exposure) vegna afleiðna skal að hámarki nema 10% af innra virði sjóðsins.

Sundurliðun fjárfestingarheimilda

Eignaflokkar	Lágmark%	Hámark%
Skuldabréf flokkuð sem sjálfbær, græn eða félagsleg eða sjálfbærni tengd	80	100
Skuldabréf og víxlar útgefnir af eða með ábyrgð íslenska ríkisins	0	20
Innlán fjármálafyrirtækja	0	20

IV. kafli: Vörsluaðili

4. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er vörsluaðili IS Grænna skuldabréfa hs. sbr. IV. kafla laga nr. 45/2020 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf.

V. kafli: Þóknun rekstraraðila

5. grein

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur sjóðsins er að hámarki ákveðinn hundradshluti á ári og reiknast af meðalstöðu eigna. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsins. Umsjónarlaun sjóðsins eru 1% og eru innheimt mánaðarlega.

Íslandssjóðum er heimilt að gera skriflega samninga sem veita tilteknum lögaðilum sem fjárfesta í sjóðnum, s.s. líffeyrissjóðum og umsjónaraðilum séreignasparnaðar, afslátt af umsjónarlaunum sjóðsins.

VI. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

6. grein

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðnum eiga jafnan rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðnum í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til eignarhlutdeildar, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 45/2020.

7. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðs að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á því Innlausnarvirði sem gildir í dagslok þess dags þegar fyrirmæli um kaup eða sölu hlutdeildarskírteina eru móttækin af söluaðila sjóðsins. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í sjóðnum, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóður staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal ekki standa lengur yfir en nauðsyn krefur. Hún skal tilkynnt Fjármálaeftirlitinu um leið og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við þá tilkynningu. Frestun skal jafnframt auglýst opinberlega á heimasíðu Íslandssjóða. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. 87. gr. laga nr. 45/2020 um frestun innlausnar.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins er hægt að kaupa og innleysa hjá Íslandsbanka á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Hlutdeildarskírteini sjóðsins eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Viðskiptavinir geta sjálfir lagt fram viðskiptapantanir í sjóðinn í netbanka Íslandsbanka. Við kaup á hlutum í IS Grænum skuldabréfum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en deginum eftir að kaupin áttu sér stað, sama á við þegar selt er í sjóðnum. Uppgjör viðskipta með IS Græn skuldabréf eru á T+2. Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.

8. grein

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. ekki arðgreiðslusjóður. Tekjur af sjóðnum verða endurfjárfestar og endurspeglast í verði hlutdeildarskírteina.

9. grein

Innlausnarvirði sjóðsins er heildarmarkaðsvirði eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjöldi útgefna og óinnleysta hlutdeildarskírteina.

VII. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum

10. grein

Sjóður verður ekki sameinaður öðrum sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta sem hyggjast renna saman skulu gera sameiginlega samrunaáætlun. Samrunar eru aðeins heimilir að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Um samruna sjóðsins gildir

ákvæði 84. gr. laga nr. 45/2020. Upplýsingagjöf og innlausnarheimild hlutdeildarskírteinishafa vegna samruna skal vera hin sama og gildir um verðbréfasjóði samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

Við sameiningu sjóðs við annan sjóð skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá hlutdeild í sameinuðum sjóði í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Hlutdeildarskírteini samrunasjóðs og yfirtökusjóðs skulu innleyst að kröfu eigenda samkvæmt reglum sjóðanna án annars gjalds en þess sem sjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna. Eigendum hlutdeildarskírteina er heimilt að óska eftir því að skipta hlutdeildarskírteinum sínum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfa- eða sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta með sambærilega fjárfestingarstefnu sem er stjórnað af Íslandssjóðum. Innlausnarskyldan og rétturinn til að skipta hlutdeildarskírteinum í hlutdeildarskírteini í öðrum sjóði tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

11. grein

Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Komi til slita sjóðsins skal koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda hluta í eigu þeirra. Íslandssjóðum er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa á sanngjarnan hátt (e. in kind). Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjörs sjóðsins sem er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn vörsluaðila til vörslu.

Tilkynna skal um slit sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða með rafrænum hætti. Einnig er heimilt að birta tilkynninguna í dagblöðum og á vefsíðu Íslandssjóða. Tilkynning skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og fyrirhugaða dagsetningu gildistöku slitanna. Tilkynna skal um slit sjóðsins til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við 5. mgr. 17. gr. laga nr. 45/2020.

12. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykkur. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast gildi að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

Kópavogur, 23. apríl 2025.

Stjórn Íslandssjóða hf.

Jensína Kristín Böðvarsdóttir

Kristján Björgvinsson

Sigurður B. Stefánsson

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

Viðauki 1

Sniðmát fyrir upplýsingagjöf áður en samningur er gerður um fjármálaafurðirnar sem um getur í 1., 2. og 2. mgr. a 8. gr. í reglugerð (ESB) 2019/2088 og fyrstu málsgrein 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852

Sjálfbær fjárfesting er fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfislegu eða félagslegu markmiði, að því tilskildu að fjárfestingin skaði ekki verulega nein umhverfisleg eða félagsleg markmið og að þau félög sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum.

Flokkunarkerfi ESB er flokkunarkerfi sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2020/852 þar sem komið er á fót skrá yfir **umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi**. Sú reglugerð felur ekki í sér skrá yfir félagslega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Sjálfbærar fjárfestingar með umhverfismarkmið geta fallið að flokkunarkerfinu eða ekki.

Heiti afurðar: IS Græn skuldabréf hs.

Auðkenni lögaðila: 549300JIYLHGISVOLV14

Umhverfislegir og/eða félagslegir þættir

Hefur þessi fjármálaafurð markmið um sjálfbæra fjárfestingu?

Já

Nei

Hún mun að lágmarki fjárfesta í **sjálfbærum fjárfestingum með umhverfismarkmið: ___%**

í atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB

í atvinnustarfsemi sem telst ekki umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB

Hún mun að lágmarki fjárfesta í **sjálfbærum fjárfestingum með félagslegt markmið: ___%**

Hún eflir **umhverfislega/félagslega (U/F) þætti** og þrátt fyrir að markmiðið sé ekki sjálfbær fjárfesting mun hún hafa lágmarkshlutfall sem nemur 50% í sjálfbærum fjárfestingum

með almennt umhverfismarkmið í atvinnustarfsemi sem telst umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB

með almennt umhverfismarkmið í atvinnustarfsemi sem telst ekki umhverfislega sjálfbær samkvæmt flokkunarkerfi ESB

með félagslegt markmið

Hún eflir U/F þætti en **gerir engar sjálfbærar fjárfestingar**



Hvaða umhverfislegu og/eða félagslegu þætti eflir þessi fjármálaafurð?

IS Græn skuldabréf hs. (hér eftir sjóðurinn) eflir, meðal annars, umhverfislega eða félagslega þætti, eða samsetningu þessara þátta, með því að samþætta UFS þætti (umhverfislega-, félagslega- og stjórnarhætti) í öllum fjárfestingum, sem er gert með UFS mati og skimun.

Sjóðurinn eflir umhverfislega og félagslega þætti einnig með því að fjárfesta með virkum hætti (beitir jákvæðri skimun) í skuldabréfum sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt

Sjálfbærnivísar mæla hvernig þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir er náð.

Market á Íslandi. Skuldabréfin skulu vera flokkuð sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærnitengd og fjármagna verkefni sem hafa það að markmiði að hafa umhverfislegan ávinning og/eða jákvæð félagshagfræðilega áhrif, t.a.m. verkefni sem snúa að mótivægi við loftslagsbreytingum, endurnýjanlegri orku, vistvænum byggingum og vistvænum samgöngum.

Skilyrði Nasdaq fyrir skráningu slíkra skuldabréfa fela í sér að útgefendur þeirra fylgi viðeigandi meginreglum International Capital Market Association eða ICMA (Green Bond Principle, Social Bond Principles, Sustainability Bond Guidelines og Sustainability Linked Bond Principles) eða öðrum samræmdum ramma.

Engin tilvísunarviðmið hafa verið skilgreind í þeim tilgangi að meta hvernig þeim umhverfis- og félagslegu eiginleikum sem sjóðurinn stuðlar að sé náð.

● ***Hvaða sjálfbærnisvar eru notaðir til að mæla uppfyllingu sérhvers umhverfislegs eða félagslegs þáttar sem þessi fjármálaafurð eflir?***

Til að mæla hvort þeir umhverfislegu og/eða félagslegu þættir sem sjóðurinn eflir séu uppfylltir mun eftirfarandi mælikvarði vera notaður:

- % af heildarfjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum skráðum á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi.

● ***Hver eru markmið sjálfbæru fjárfestinganna sem fjármálaafurðin hyggst að hluta til ráðast í og hvernig stuðlar sjálfbæra fjárfestingin að slíkum markmiðum?***

Markmið sjálfbærra fjárfestinga sjóðsins eru að fjármagna átaksverkefni sem eru fjármögnuð með útgáfu grænna-, félagslegra-, sjálfbærra- og/eða sjálfbærnitengdra skuldabréfa sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi.

Skilyrði fyrir skráningu slíkra skuldabréfa fela í sér að útgefendur þeirra fylgi viðeigandi meginreglum ICMA eða öðrum samræmdum ramma. Markmið verkefnanna sem skuldabréfin fjármagna geta falið í sér ýmis umhverfismarkmið, þar á meðal mótivægi við loftslagsbreytingum, endurnýjanlegri orku, vistvænar byggingar og vistvænar samgöngur.

● ***Hvernig valda sjálfbærar fjárfestingar sem fjármálaafurðin hyggst ráðast í að hluta til, ekki verulegum skaða á umhverfislegum eða félagslegum markmiðum um sjálfbæra fjárfestingu?***

Skuldabréf sem gefin eru út samkvæmt ICMA eða sambærilegum ramma (merkt sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærni tengd skuldabréf) teljast sjálfbær og valda ekki verulegum skaða ef fylgni þeirra samkvæmt viðkomandi staðli hefur verið staðfest af reyndum ytri aðila og samþykkt innanhúss af sjálfbærnisráði Íslandssjóða.

Allar undirliggjandi eignir eru einnig metnar með tilliti til meginreglunnar um að „valda ekki verulegu tjóni“ (e. Do No Significant Harm, hér eftir „DNSH ferlið“). Sem hluti af DNSH ferlinu er tekið tillit til neikvæðra áhrifa af

Helstu neikvæðu áhrifin eru mestu neikvæðu áhrif fjárfestingar-ákvarðana á sjálfbærniþætti sem varða umhverfismál, félagsmál og starfsmannamál, virðingu fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.

fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti samkvæmt völdum PAI vísam (sjá nánar í næsta lið) til að meta hvort útgefendur skaði ekki verulega önnur félagsleg eða umhverfisleg markmið. DNSH ferlið greinir neikvæð frávik og lélega frammistöðu útgefenda út frá PAI vísunum.

Sem hluti af DNSH-ferlinu eru útgefendur einnig skimaðir með tilliti til starfsemi sem vísað er til í a- til g-lið 1. mgr. 12. gr. í svokallaðri CDR reglugerð (ESB) 2020/1818.

Útgefendur sem ná ekki þeim viðmiðunarmörkum sem Íslandssjóðir skilgreina teljast ekki falla undir sjálfbæra fjárfestingu. Þetta á við um fyrirtæki sem tengjast alvarlegum mannréttindabrotum, alvarlegum deilum sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni eða brotum á meginreglum UNGC og OECD. Í vissum tilfellum þar sem útgefandi stenst ekki skilyrði sjóðsins með tilliti til valdra PAI vísa, getur ágóði skuldabréfa sem gefin eru út af sama útgefenda talist sjálfbær ef ágóðinn fjármagnar verkefni sem dregur úr eða vegur á móti ástæðum þess að útgefandi stóðst ekki skilyrðin.

Gögnin sem þarf fyrir DNSH ferlið eru fengin frá utanaðkomandi gagnaveitum og útgefendunum sjálfum.

Hvernig hefur verið tekið tillit til vísa um neikvæð áhrif á sjálfbærni-þætti?

Tekið er tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti samkvæmt völdum PAI vísam sem finna má í töflu 1, í viðauka 1, í reglugerð (ESB) 2022/1288 sem hluti af DNSH ferlinu eins og greint er frá í liðnum hér á undan. PAI vísarnir sem verða mældir, að svo stöddu, eru:

- PAI 1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
- PAI 2. Kolefnisspor.
- PAI 3. Styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá félögum sem fjárfest er í.
- PAI 10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrætt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact) og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölbreytleg fyrirtæki (e. OECD Guidelines).
- PAI 13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar.
- PAI 14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasasprengjum, efnavopnum og sýklavopnum).

Gögnin um PAI vísana eru fengin frá utanaðkomandi gagnaveitum og útgefendunum sjálfum. Gögn eru aðallega tiltæk fyrir notkun vísanna sem taldir eru upp hér að ofan og eru þau fengin úr upplýsingum frá útgefendunum eða gagnaveitum. Eftir því sem gæði og framboð gagna þróast verður stefnt að fylgjast með fleiri PAI vísam.

Hvernig samræmast sjálfbæru fjárfestingarnar viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglum Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi? Nánari upplýsingar:

Sem hluti af DNSH ferlinu og aðferðafræði sjóðsins eru útgefendur skimaðir varðandi hvort þeir eigi aðild að UN Global Compact og/eða hvort þeir hafi orðið uppvísir að broti á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum ásamt því að gögn frá utanaðkomandi greiningaraðilum eru notuð í greiningarferlinu.

Í flokkunarkerfi ESB er sett fram meginreglan um að „valda ekki verulegu tjóni“ en samkvæmt henni ættu fjárfestingar sem falla að flokkunarkerfinu ekki að valda verulegum skaða á markmiðum flokkunarkerfis ESB og þeim fylgja tilteknar viðmiðanir ESB.

Meginreglan um að „valda ekki verulegu tjóni“ gildir aðeins um þær fjárfestingar sem eru undirliggjandi fjármálaafurðinni og sem taka tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Fjárfestingarnar sem eru undirliggjandi þeim hluta þessarar fjármálaafurðar sem eftir stendur taka ekki tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Allar aðrar sjálfbærar fjárfestingar mega heldur ekki skaða verulega nein umhverfisleg eða félagsleg markmið.



Tekur þessi fjármálaafurð tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti?

Nei

Já, sjóðurinn tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti með því að mæla árangur fjárfestinganna á völdum PAI vísu á eignarhaldsstigi. Mælingar á PAI vísunum eru háðar aðgengi að gögnum og munu þróast samhliða því að gæði og framboð gagna þróast. Upplýsingar um hvern og einn útgefanda eða undirliggjandi fjárfestingu sem sjóðurinn fjárfestir í eru fengnar frá gagnaveitum og beint frá útgefendum. Helstu takmarkanir þegar tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti eru skortur á gögnum fyrir marga PAI vísa, sem er að miklu leyti vegna þess að mörg fyrirtæki hafa ekki enn birt þessar upplýsingar. Að neðan má sjá dæmi um PAI vísa sem stefnt er að því að mæla:

- PAI 1. Losun gróðurhúsalofttegunda.
- PAI 2. Kolefnisspor.
- PAI 3. Styrkur gróðurhúsalofttegunda hjá félögum sem fjárfest er í.
- PAI 10. Brot á meginreglum Sameinuðu þjóðanna um hnattrænt samkomulag um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact) og viðmiðunarreglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (e. OECD Guidelines).
- PAI 13. Kynjafjölbreytni innan stjórnar.
- PAI 14. Áhætta gagnvart umdeildum vopnum (jarðsprengjum, klasa-sprengjum, efnavopnum og sýklavopnum).

Upplýsingar um það hvernig sjóðurinn tók tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti verða birtar í ársreikningi sjóðsins, skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.



Hvaða fjárfestingaráætlun fylgir þessi fjármálaafurð?

Fjárfestingarmarkmið og stefnu sjóðsins má nálgast í III. kafla í reglum sjóðsins sem má finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Fjárfestingar sjóðsins skulu að lágmarki vera 80% í eignum sem efla umhverfislega og félagslega þætti og er því fylgt með því að fjárfesta með virkum hætti (beitir jákvæðri skimun) í skuldabréfum sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi. Skuldabréfin skulu vera flokkuð sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærni tengd, en til þess að öðlast þá flokkun þá verða þau að fjármagna verkefni eða eignir sem skila umhverfisávinningi eða félagshagfræðilegum árangri.

Skilyrði fyrir skráningu slíkra skuldabréfa fela í sér að útgefendur þeirra fylgi viðeigandi meginreglum ICMA eða öðrum samræmdum ramma og staðfest af reyndum ytri aðila. Útgefendum ber einnig að birta árlega áhrifaskýrslu þar sem skýrt er frá framgangi fjármagnaðra verkefna.

Sem hluti af fjárfestingarferlinu eru útgefendur einnig skimaðir til að tryggja að þeir fylgi góðum stjórnarháttum, einkum að því er varðar traust stjórnunarfyrikomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsmanna og að skattareglum sé fylgt.

Sjóðurinn getur fjárfest í íslenskum ríkisskuldabréfum sem eru ekki skráð á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi og í innlánnum íslenskra lánastofnanna.

Íslandssjóðir beita útilokun gagnvart fyrirtækjum sem brjóta skipulega og alvarlega gegn alþjóðalögum og mannréttindum, verða uppvís að alvarlegum umhverfisspjöllum, spillingu og efnahagsbrotum sem og framleiðslu/sölu á umdeildum vopnum.

- **Hvaða bindandi þættir fjárfestingaráætlunarinnar eru notaðir til að velja fjárfestingar til að ná fram sérhverjum umhverfislegum eða félagslegum þáttum sem þessi fjármálaafurð eflir?**

Að lágmarki 80% fjárfestinga skulu vera fjárfest í sjálfbærum, grænum, félagslegum eða sjálfbærnitengdum skuldabréfum sem skráð eru á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi.

- **Hvert er bindandi lágmarkshlutfall til að draga úr umfangi fjárfestinga sem teknar eru til athugunar áður en þessari fjárfestingaráætlun er beitt?**

Ekkert bindandi lágmarkshlutfall hefur verið skilgreint.

Þrátt fyrir það þá eru bindandi þættir fjárfestingaráætlunarinnar, sem notaðir eru til að velja fjárfestingar til að ná fram umhverfislegum eða félagslegum þáttum, sem sjóðurinn eflir, mikilvægt skref í að útiloka fjárfestingar sem uppfylla ekki þau skilyrði. Einnig beita Íslandssjóðir útilokun gagnvart ákveðnum fyrirtækjum eins og fram hefur komið þ.e. fyrirtækjum sem brjóta skipulega og alvarlega gegn

Fjárfestingaráætlunin
stýrir
fjárfestingarákvörðun
um sem byggjast á
þáttum eins og
fjárfestingar-
markmiðum og
áhættuþoli.

Góðir stjórnarhættir
taka til trausts stjórn-
kerfis, starfs-
mannatengsla,
launakjara starfsfólks
og að skattareglum sé
fylgt.


alþjóðalögum og mannréttindum, verða uppvís að alvarlegum umhverfisspjöllum, spillingu og efnahagsbrotum sem og framleiðslu/sölu á umdeildum vopnum.

● **Hver er stefnan við að meta góða stjórnarhætti hjá þeim félögum sem fjárfest er í?**

Tekið er tillit til góðra stjórnarháttanna útgefenda sem fjárfest er í við val á fjárfestingum og við eftirlit. Notast er við opinberar upplýsingar frá útgefendum, önnur opinber gögn og greiningar frá gagnaveitum með viðeigandi þekkingu á stjórnarháttum. Málefni sem eru metin eru t.a.m. traust stjórnunarfyrikomulag og fjölbreytileiki, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsmanna, siðferði og spilling.



Hver er áætluð eignaskipting þessarar fjármálaafurðar?



#1 Falla að U/F þáttum inniheldur þær fjárfestingar fjármálaafurðarinnar sem notaðar eru til að ná þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir.

#2 Aðrar inniheldur þær eftirstandandi fjárfestingar fjármálaafurðarinnar sem hvorki falla að umhverfislegum eða félagslegum þáttum né teljast sjálfbærar fjárfestingar.

Flokkurinn **#1 Falla að U/F þáttum** nær yfir:

- Undirflokkinn **#1A Sjálfbærar** sem nær yfir sjálfbærar fjárfestingar með umhverfisleg eða félagsleg markmið.
- Undirflokkinn **#1B Aðrir U/F þættir** sem nær yfir fjárfestingar sem falla að umhverfislegum eða félagslegum þáttum sem uppfylla ekki skilyrði þess að kallast sjálfbærar.

*Hér er átt við hreina eign sjóðsins.

● **Hvernig nær notkun á afleiðum þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem fjármálaafurðin eflir?**

Á ekki við.

Eignaskipting lýsir hlutdeild fjárfestinga í tilteknum eignum.

Starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu er sett fram sem hlutfall af:

– **veltu** sem endurspeglar hlutdeild tekna af grænni starfsemi félaga sem fjárfest er í

– **fjárfestingar-útgjöldum** (CapEx) sem sýna grænar fjárfestingar félaga sem fjárfest er í, t.d. vegna umskipta yfir í grænt hagkerfi.

– **rekstrarútgjöldum** (OpEx) sem endurspeglar umhverfisvæna starfsemi fyrirtækja sem fjárfest er í.



Hvert er lágmark sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið sem falla að flokkunarkerfi ESB?

Lágmarkshlutfall fjárfestinga sem falla að flokkunarkerfi ESB er 0%. Nægilega áreiðanleg gögn um atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu (e. Taxonomy-alignment) eru af skornum skammti og gagnaumfangið er enn of lítið til að styðja við marktæka skuldbindingu um lágmarkshlutfall fjárfestinga sem falla að flokkunarkerfinu í þessum sjóði. Ekki er hægt að útiloka að hluti fjárfestinga sjóðsins flokkist sem umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar þ.e. fjárfestingar sem falla að flokkunarkerfinu. Upplýsingagjöf og skýrslugerð samkvæmt flokkunarreglugerð ESB mun þróast eftir því sem regluverkið þróast og gögn verða gerð aðgengileg af útgefendum.


Fjárfestir fjármálaafurðin í starfsemi sem tengist jarðgasi og/eða kjarnorku og samræmist flokkunarkerfi ESB¹?

Já:

Í jarðgasi Í kjarnorku

Nei

Myndritin tvö hér fyrir neðan sýna í grænum lit það lágmarkshlutfall fjárfestinga sem falla að flokkunarkerfi ESB. Þar sem engin viðeigandi aðferðafræði er til staðar til að ákvarða hvernig ríkisskuldabréf falla að flokkunarkerfinu sýnir fyrsta myndritið hvernig allar fjárfestingar fjármálaafurðarinnar falla að flokkunarkerfinu, að meðtöldum ríkisskuldabréfum, en seinna myndritið sýnir einungis hvernig aðrar fjárfestingar fjármálaafurðarinnar en ríkis-skuldabréf falla að flokkunarkerfinu.*



*Að því er varðar þessi myndrit samanstanda „ríkisskuldabréf“ af öllum áhættuskuldbindingum gagnvart ríki.

¹ Jarðgas- og/eða kjarnorkutengd starfsemi mun einungis samræmist flokkunarkerfi ESB ef hún stuðlar að því að takmarka loftslagsbreytingar („mótvggi við loftslagsbreytingar“) og skaðar ekki markmið flokkunarkerfis ESB verulega - sjá skýringu á vinstri spássíu. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1214 er mælt fyrir um allar viðmiðanir fyrir jarðgas- og kjarnorkustarfsemi sem samræmist flokkunarkerfi ESB.

- **Hver er lágmarkshlutdeild fjárfestinga í umbreytingarstarfsemi og starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum?**

Það er engin skuldbinding um lágmarkshlutfall fjárfestinga í umbreytingarstarfsemi og starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum.



- **Hver er lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið sem falla ekki að flokkunarkerfi ESB?**

Lágmarkshlutdeild sjálfbærra fjárfestinga með umhverfismarkmið er 50%.



- **Hver er lágmarkshlutdeild félagslega sjálfbærra fjárfestinga?**

Hlutdeild félagslegra sjálfbærra fjárfestinga er 0%.



- **Hvaða fjárfestingar falla undir „#2 Annað“, hver er tilgangur þeirra og eru einhverjar lágmarks umhverfislegar eða félagslegar verndarráðstafanir?**

Sjóðurinn getur fjárfest í íslenskum ríkisskuldabréfum sem eru ekki skráð á Nasdaq Sustainable Debt Market á Íslandi og í innlánnum innlendra fjármálafyrirtækja og einnig öðrum auðseljanlegum eignum (t.a.m. laust fé) sem eru ekki hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar. Sjóðnum er heimilt að nota afleiður og aðrar aðferðir í þeim tilgangi sem lýst er í III. kafla. í reglum sjóðsins sem finna má í útboðslýsingu sjóðsins. Lágmarks umhverfis- eða félagslegar verndarráðstafanir eiga ekki við.



- **Er tiltekin vísitala tiltekin sem tilvísunarviðmiðun til að ákvarða hvort þessi fjármálaafurð falli að þeim umhverfislegu og/eða félagslegu þáttum sem hún eflir?**

Engin tilvísunarviðmið hafa verið skilgreind í þeim tilgangi að meta hvernig þeim umhverfis- og félagslegu eiginleikum sem sjóðurinn stuðlar að sé náð.

- **Hvernig fellur tilvísunarviðmiðunin stöðugt að sérhverjum umhverfislegum eða félagslegum þætti sem fjármálaafurðin eflir?**

Á ekki við.

- **Hvernig er samræming fjárfestingaráætlunar við aðferðafræði vísitölu tryggð á áframhaldandi grunni?**

Á ekki við.

- **Hvernig er tilgreind vísitala frábrugðin viðeigandi breiðri markaðsvísitölu?**

Á ekki við.

Tilvísunarviðmiðanir eru vísitölur til að mæla hvort fjármálaafurðin nái þeim umhverfislegu eða félagslegu þáttum sem þær efla.

- **Hvar er hægt að finna aðferðafræðina sem notuð er við útreikning á tilgreindri vísitölu?**

Á ekki við.



Hvar finn ég sértækari upplýsingar um afurðina á netinu?

Sértækari upplýsingar um afurðina er að finna á vefsetrinu:

<https://www.islandssjodir.is/sjodir/skuldabrefasjodir/is-graen-skuldabref/>